

Fimmtudaginn 3. október 1996.

Nr. 77/1995.

Austurstræti 22 hf.

(Jón Bjarnason hrl.)

gegn

Íslandsbanka hf.

(Jón G. Briem hrl.)

Frávísun máls frá héraðsdómi. Kröfugerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. mars 1995. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar að nýju, en til vara krefst hann sýknu af kröfum stefnda. Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en þó þannig, að við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti féll hann frá kröfu um viðurkenningu á aðfararhæfi dómkrafna sinna, sem nánar er getið hér á eftir. Þá krefst stefndi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Með samningi 4. nóvember 1988 keypti áfrýjandi 2/3 hluta fasteignarinnar að Austurstræti 22 í Reykjavík af Karnabæ hf. Bar seljandanum að létta tilgreindum veðböndum af eigninni fyrir 31. desember 1988, meðal annars samkvæmt sjö tryggingarbréfum, út gefnum af honum til Verslunarbanka Íslands hf. á árabílinu frá 1979 til 1983, en með þeim var bankanum veitt trygging fyrir greiðslu hvers konar skulda félagsins við hann, að fjárhæð allt að 3.000.000 króna. Tryggingarbréfum þessum hefur ekki verið létt af eigninni.

Samkvæmt gögnum málsins var nafni Karnabæjar hf. breytt 8. apríl 1991 í Daníelsson hf. Stefndi höfðaði mál á hendur því félagi með stefnu, út gefinni 6. september 1991, til heimtu skuldar, að fjárhæð 7.836.310,40 krónur, með dráttarvöxtum frá 13. janúar sama ár til greiðsludags auk málskostnaðar. Samkvæmt stefnunni voru kröf-

ur í málinu reistar á skuldabréfi, að upphaflegri fjárhæð 7.750.000 krónur, út gefnu 18. desember 1990 af Hirti I. Vilhelmssyni til Íslandsbanka hf. og tryggðu með sjálfskuldarábyrgð Karnabæjar hf. Beindi bankinn kröfum sínum í málinu eingöngu að félaginu Daníelssyni hf., sem mun ekki hafa látið sækja þar þing, og voru þær gerðar aðfararhæfar með áritun 22. október 1991.

II.

Stefndi höfðaði þetta mál á hendur áfrýjanda með birtingu héraðsdómsstefnu 19. janúar 1993. Dómkröfur hans eru þar orðaðar þannig, að hann krefjist, „að staðfestur verði með dómi veðréttur stefnanda í öllum eignarhluta Austurstrætis 22 hf. í fasteigninni nr. 22 við Austurstræti í Reykjavík, en nánar tiltekið er hér um 66,67% fasteignarinnar að ræða, ásamt tilheyrandi hlutdeild í eignarlóð og öllu, sem fylgir og fylgja ber, ... skv. sjö tryggingarbréfum ..., samtals að höfuðstól 3.000.000 kr., til tryggingar skuld, að fjárhæð 3.000.000 kr., ásamt dráttarvöxtum skv. 10. gr., sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum, frá 13. 1. 1991 til greiðsludags og 7.310 kr. í bankakostnað“.

Í stefnunni er síðan greint frá kröfu um málskostnað, en að endingu segir eftirfarandi um dómkröfur: „Krafist er viðurkenningar þess með dómi, að dómkröfur stefnanda séu aðfararhæfar að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu að telja.“

Af lýsingu atvika í stefnunni virðist mega ráða, að með málinu vilji stefndi afla sér viðurkenningar á því, að hann njóti veðréttinda í 2/3 hlutum fasteignarinnar að Austurstræti 22 fyrir kröfum samkvæmt áður nefndri áritaðri stefnu í skjóli fyrrgreindra tryggingarbréfa að því leyti, sem kröfurnar rúmist innan heildarfjárhæðar þeirra. Mjög skortir hins vegar á, að framangreindar dómkröfur þjóni slíku markmiði málsóknarinnar, enda er hvergi í þeim vikið að tengslum þeirra við kröfu stefnda á hendur félaginu Daníelssyni hf. samkvæmt fyrrgreindri, áritaðri stefnu. Í því sambandi er þess einnig að gæta, að í dómkröfum er hvergi greint frá því, fyrir hvaða tiltekinni skuld leitað sé viðurkenningar á veðrétti, hvers skuld sé um að ræða eða við hvern. Að auki er krafa í héraðsdómsstefnu um viðurkenningu þess, „að dómkröfur stefnanda séu aðfararhæfar“, tilefnislaus, þegar þess er gætt, að kröfur stefnda á hendur Daníels-

syni hf. voru gerðar aðfararhæfar með fyrrgreindri áritun á stefnu 22. október 1991, og mátti þar með án nýrrar málshöfðunar leita fullnustu þeirra af eignum, sem Íslandsbanki hf. kann að njóta veðréttar í fyrir skuldum félagsins við sig.

Þegar af þeim ástæðum, sem að framan greinir, eru slíkir annmarkar á kröfum stefnda, að ekki verður felldur dómur á þær. Verður því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi. Verður stefndi jafnframt dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðinn er í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

Athuga ber, að í héraðsdómi hefur láðst að taka fram, að málið, sem var upphaflega dómtekið 19. október 1994, var tekið upp samkvæmt heimild í 104. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, flutt að nýju munnlega og dómtekið öðru sinni 5. desember 1994. Þá er og athugavert, að eftir að áfrýjandi lagði fram greinargerð sína í héraði 1. apríl 1993, tók héraðsdómari málið fyrir átta sinnum á tímabilinu frá 22. júní það ár, þar til aðalmeðferð fór fram 19. október 1994. Er slík málsmeðferð andstæð 1. mgr. 102. gr. laga nr. 91/1991.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Íslandsbanki hf., greiði áfrýjanda, Austurstræti 22 hf., samtals 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.
